

Priðjudaginn 8. október 1985.

Nr. 125/1984. **Matthías Einarsson**

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

**Kaupfélagi Berufjarðar**

(Ólafur Axelsson hrl.)

Fjárnám úr gildi fellt.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut hinni áfrýjuðu fjárnámsgerð til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 20. júní 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. sama mánaðar. Hann krefst þess, að fjárnámið verði úr gildi fellt og að stefnda verði gert að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Kröfu sína um niðurfellingu fjárnámsins reisir áfrýjandi á því, að hann hafi ekki tekið á sig persónulega ábyrgð á greiðslu firmans Vendor h.f. með dómsátt þeirri, sem fjárnámið sé byggt á, og að fógeti hafi lýst fjárnámi í öðrum eignum en eignum áfrýjanda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða fjárnáms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal arfsyfirlýsing frá 29. nóvember 1982, sem er eignarheimild áfrýjanda að eign þeirri, sem hið áfrýjaða fjárnám var gert í, og veðbókarvottorð frá 12. mars 1985 um hluta fasteignarinnar nr. 17 við Laufásveg, þ.e. alla húseignina að undanskilinni íbúð á 4. hæð og tveggja herbergja íbúð á 2. hæð. Samkvæmt veðbókarvottorði þessu á áfrýjandi alla fasteignina nr. 17 við Laufásveg að undanskildum framangreindum 2 íbúðum í óskiptri sameign að einum fjórða hluta á móti Ingibjörgu Matthíasdóttur, Matthíasi Matthíasyni og Ragnhildi Matthíasdóttur. Hið áfrýjaða fjárnám er gert „í eignarhluta gerðarþola í Laufásvegi 17, sem er 1. hæð og götuhæð.“ Svo virðist sem fógeti hafi talið eignarhluta áfrýjanda í Laufásvegi 17 vera fölginn í einkaeign hans að hinum tilgreindu hæðum, 1. hæð og götuhæð.

Er ákvörðun fógeta um andlag fjárnámsins svo óljós, að hún samrýmist ekki grunnreglu 1. mgr. 45. gr. aðfararlaga nr. 19/1887.

Ber því að fella hina áfrýjuðu fjárnámserð sjálfkrafa úr gildi. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 15.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Hið áfrýjaða fjárnám er úr gildi fellt. Stefndi, Kaupfélag Berufjarðar, greiði áfrýjanda, Matthíasi Einarssyni 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Fjárnámserð fógataréttar Reykjavíkur 19. janúar 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 19. janúar, er fógataréttur Reykjavíkur settur að Reykjanesbraut 6 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið málið A-544/1984 Kaupfélag Berufjarðar gegn Matthíasi Einarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2 sátt fógataréttar Reykjavíkur í málinu nr. A-2990/1983 svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Ólafur Axelsson hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 400.000,00 með 5% mánaðarv. frá 22/6 1983 til greiðsludags, endurrits og birtingarkostnað kr. 38,00, kr. 1.068,00 í bankakostnað, kr. 42.674,00 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 68,00 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, auk kr. 4.195,00 í fógetakostnað.

Gerðarþoli er mættur. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta gerir fógeti fjárnám í eignarhluta gerðarþola í Laufásveg 17, sem er 1. hæð og götuhæð.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.